



**Ávarp
Forseta Íslands
Ólafs Ragnars Grímssonar
við setningu
Unglingalandsmóts UMFÍ
Ísafirði
1. ágúst 2003**

Ágætu Ungmennafélagar,
keppendur, fjölskyldur,
Vestfirðingar og aðrir góðir gestir

Á helstu ferðahelgi ársins þegar útihátíðir fagna þúsundum þátttakenda er margþættur boðskapur í því fólgin að efna til Unglingalandsmóts UMFÍ hér á Ísafirði þar sem tign snarbrattrra fjalla skapar keppninni verðuga umgjörð.

Landsmótið er kröftugur vitnisburður um uppeldisstarfið sem Ungmennafélögin hafa löngum unnið, vettvangur þar sem ögun og þjálfun skila margháttuðum ávinningi, fyrirheit um ógleymanlega gleðidaga.

Landsmótið er líka árétting, áminning um að samverustundir við heilbrigða iðju gefa okkur gott veganesti alla ævi, eru öflug forvörn þegar hættur steðja að ungu fólki úr mörgum áttum.

Ungmennafélögin hafa verið samferða þjóðinni á langri göngu, eiga rætur í sjálfstæðisbaráttu fyrri aldar, efldu sjálfstraust og kjark fátækrar þjóðar sem var að sækja sér rétt til fullveldis og ítaka til jafns við aðra.

Ungmennafélögin hafa einnig verið ríkur þáttur í mannlífi og samheldni héraðanna, laðað þúsundir til leiks og gleði og verið afreksfólki sá keppnisskóli sem gerði þeim kleift að vinna síðar stóra sigra.

Sá mikli íþróttagarpur, Vilhjálmur Einarsson, sem lengra hefur náð á Ólympíuleikum en nokkur annar Íslendingur, hlaut unglingur sína eldskírn á mótum Ungmennafélaganna og hver veit nema hér vestra muni

um þessa helgi koma fram á keppnisviðið ungmenni sem líkt og Vilhjálmur eiga eftir að standa á svo frægum sigurpalli.

Og ekki skulum við gleyma Völu Flosadóttur sem einnig ung stelpa keppti á héraðsmótum UMFÍ sunnar á Vestfjörðunum. Hennar afrek er einnig áskorun til okkar allra um að hafa næstu daga augun vel opin fyrir efnisfólki sem best getur síðar í úrvalsveit Völu og Vilhjálms, fólks sem fyrst keppti á mótum UMFÍ og stóð síðar á ólympískum verðlaunapalli og horfði á íslenska fánann stíga upp sér til heiðurs.

Já, unglíngakeppni UMFÍ hefur verið og verður áfram vettvangur ævintýra og gleðiefni er það okkur, gömlum Vestfirðingum, að hér skuli nú efnt til íþróttá- og fjölskylduhátíðar í anda þeirra heilbrigðu hugsjóna sem jafnan hafa verið leiðarljós Ungmennafélaganna.

Vestfirðir eru glæsileg umgjörð um þessa keppni, fjöll og firðir einstök að fegurð og fjölbreytileika, sagan rík í hverri sveit, allt frá lýsingu í Gísla sögu Súrssonar á knáum knattleik í Dýrafirði til skíðafólksins sem á æskuárum mínum hér vestra brunaði niður brattar hlíðar, já, og rétt að minnast líka héraðsmótanna í Ísafjarðarsýslu sem ég sótti strákur; voru þá helstu hátíðir sumarsins og ljóma skært í minningunni.

Ég óska þess, unga keppnisfólk, að minningarnar frá þessari helgi verði ykkur á líkan hátt kærar alla ævi og ég færi UMFÍ einlæggar þakkir fyrir að sinna svo vel ræktunarstarfi í íþróttalífi.

Vonandi verður mótið sem hér hefst í kvöld Vestfirðingum lyftistöng og okkur öllum sem hingað koma sannkölluð hátíðarhelgi.

Ég óska keppendum og fjölskyldum þeirra allra heilla, bæði nú og um alla framtíð, og bið alla viðstadda að rísa á fætur og hrópa ferfalt húrri til heiðurs landsmótinu, keppendum, þjálfurum, stjórnendum og gestgjöfum hér á Ísafirði.

Þau lengi lífi.